

Reglur um val í landslið DSÍ.

1. grein

Nýtt landslið er valin af DSÍ ár hvert og gildir valið frá fyrsta Íslandsmóti ársins og fram að fyrsta Íslandsmóti ársins á eftir.

2. grein

Þau pör sem eru í 1. til 4. sæti í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar) verða valin í landsliðið. Þetta á við um Íslands- og Bikarmeistaramót í latin og ballroom dönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum en þá er valið 1. til 2. sætið.

3. grein

Þar sem hefur unnið sér inn landsliðssæti í flokki ungmenna getur ekki tekið sæti í landsliðinu í flokki fullorðinna. Þar sem fyrir neðan er fær þá landsliðsréttinn.

4. grein

Pörin sem lenda í 1. og 2. sæti í meistaraflokki í latin og ballroom dönsum á Íslandsmeistaramóti DSÍ fá þátttökurétt á Heims- og Evrópumeistaramót. Pör sem lenda í 3. og 4. sæti verða varasæti ef 1. eða 2. sætið fara ekki.

Þar sem lendar í 1. sæti í meistaraflokki á Íslandsmeistaramóti DSÍ í 10. dönsum fær þátttökurétt á Heims- og Evrópumeistaramóti og Heims- og Evrópubikarmóti. Þar sem lendar í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

5. grein

Þar sem lendar í 1. sæti í meistaraflokki á Bikarmeistaramóti DSÍ fær þátttökurétt á Heims- og Evrópubikarmóti. Þar sem lendar í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

6. grein

Séu einhver þessara móta þ.e. Heims- og Evrópumeistaramót, Heims- og Evrópubikarmót haldin fyrr á árinu en réttur til að fara samkvæmt 4. og 5. grein er Stjórn DSÍ heimilt að ákveða að samhliða ákveðnum keppnum verði um úrtökumót að ræða eða halda sér úrtökumót sem gildi varðandi rétt til að fara á keppnir sem taldar eru upp hér í þessari grein og skal það tilkynnt sérstaklega í auglýsingu fyrir mótin og til aðildafélaga.

7. grein

Ef ekkert þeirra para sem rétt hafa skv 3. til 5. grein ákveða að nýta rétt sinn til að fara á Heims- og Evrópumeistaramót skal stjórn DSÍ fara í sætin fyrir neðan varasætin. Ákveði þar í einhverru því sæti að nýta réttinn skal það sjálfvirkt verða valið í landslið DSÍ og tekur það val gildi um leið og svar frá parinu berst.

8. grein

Stjórn aðildarfélaga geta komið með tillögur til stjórnar DSÍ til að bæta pörum inni landsliðið. Þetta á við þegar pör ná framúrskarandi árangri á mótum hér heima eða erlendis.

9. grein

Danspörin sem ávinna sér keppnisrétt munu fá bréf frá DSÍ þar sem tilgreindur verður sá frestur sem þar sem hefur til að tilkynna hvort þau ætli að nýta sér keppnisréttinn

DSÍ greiðir fasta upphæð sem ákveðin er hverju sinni þeim sem unnið hafa þátttökurétt á Heimsmeistara og Evrópumeistaramót.

10. grein

Til þess að danspar öðlist rétt til þátttöku í landsliði DSÍ verður annar aðilinn að ná minnst 14 ára aldri á almanaksárinu.

Þessar breyttu reglur taka gildi 1.janúar 2018

Samþykkt á stjórnarfundum 10.október 2017